

**ENDURRIT  
ÚR  
ÞINGBÓK  
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, fimmtudaginn 26. september, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. S-720/2013  
Ákærvaldið  
gegn  
X

Lagt er fram:

- Nr. 1, bréf lögreglustjórans á Suðurnesjum dags. 12. ágúst 2013.
- " 2, ákæra, dags. sama dag, ásamt birtu fyrirkalli.
- " 3, sakavottorð útg. 26. febrúar 2013
- " 4, skjalaskrá lögreglu merkt 008-2013-681, ásamt fskj.

Af hálfu ákærvalds sækir þing Vilhjálmur Reyr Þórhallsson, fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í dóminn er mættur ákærði X. Með ákærða mætir Jón Bjarni Kristjánsson hdl. v/Stefáns Karls Kristjánssonar hdl. sem að ósk ákærða er skipaður verjandi hans í málinu.

Ákærða eru afhent afrit af skjölum málsins.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 114. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Þá er ákærða bent á að honum er heimilt að ráðfæra sig við verjanda sinn meðan á þinghaldinu stendur.

Gerð er grein fyrir ákæru

Ákærði óskar eftir fresti til að taka afstöðu til ákærunnar.

Málinu er frestað til föstudagsins 11. október nk. kl. 13:15 í dómsal 3.

Vottur:  
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.  
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir  
Héraðsdómur Reykjaness 26.9.2013.

Þennan dag var verjandinn Stefán Karl Kristjánsson innlagður á sjúkrahús vegna bráðabotnlangabólgu. (fskj. 1)

**ENDURRIT  
ÚR  
ÞINGBÓK  
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, föstudaginn 11. október, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. S-720/2013  
Ákærvaldið  
gegn  
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákærvalds sækir þing Óli Ásgeir Hermannsson ftr. v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Ákærði er ekki mættur né verjandi hans og hafa ekki boðað lögleg forföll.

Málinu er frestað til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 10:00 í dómsal 3.

Vottur:  
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.  
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir  
Héraðsdómur Reykjaness 11.10. 2013.

Dómara var sendur tölvupóstur kl. 8:54 (fskj. 1) þann 11. október þar sem upplýst var að lögmaður væri tvíbókaður og yrði að mæta í Héraðsdóm Reykjavíkur.

Dómari svaraði tölvupóstinum kl. 9:11 sama dag (fskj. 1) og aftur 9:15 þar sem tilgreint er að fyrirtaka sé ætluð þann 30. október. Klukkan 9:15 sendi dómari út boðun í nýja fyrirtöku þann 10. október 2013 kl. 10:00. (fskj. 2) Hér misritar dómari dagsetningu boðunar.

Engu að síður er skráð í þingbók fyrirtaka í málinu og bókað að lögmaður hafi ekki lögmaet forföll. (fskj. 8) Það gengur gegn samskiptum dómara og verjanda þá um morguninn.

Kl. 15:19 þann 11. október sendir Alda Hrönn fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum póst á dómara og spyr hvort rétt sé að næsta fyrirtaka sé þann 30. október og þá klukkan hvað (fskj. 2). Þeim tölvupósti er ekki svarað þannig að verjanda sé um það kunnugt. Verjandi var ekki boðaður til fyrirtöku þann 30. október.

Þann 30. október kl. 11:44 berst skrifstofu verjanda tilkynning frá ritara dómara (fskj. 3) um að ákveðið sé að hafa fyrirtöku í máli Aðalsteins þann 14. nóvember. Ekkert í þeim pósti ber það með sér að fyrirtaka hafi verið né heldur að ákærvald hafi mætt þann dag.

Í þingbók sem verjanda er afhent 20. nóvember og hefur undir höndum er engin bókun um fyrirtöku máls þann 11. október 2013 (fskj. 5).

**ENDURRIT  
ÚR  
ÞINGBÓK  
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, fimmtudaginn 14. nóvember, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. S-720/2013  
Ákærvaldið  
gegn  
X

Fyrirtöku sem vera átti 30. október sl. var frestað utan réttar þar sem hvorki var mætt af verjanda né ákærða.

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákærvalds sækir þing Óli Ásgeir Hermannsson ftr. v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Ákærði er ekki mættur þrátt fyrir boðun til verjanda hans um þinghaldið. Þá sendi ritari verjanda ákærða tölvupóst til dómsins kl. 9:31 í morgun þar sem dómáranum var tilkynnt um fjarveru verjanda.

Dómari telur þessi vinnubrögð verjanda ámælisverð þar sem hann hvorki hefur haft milligöngu um að ákærði mæti sjálfur né fengið annan lögmann til að mæta fyrir sig eða óskað eftir skipun annars verjanda.

Sækjandi hyggst láta handtaka ákærða og færa hann fyrir dóminn.

Málinu er frestað til miðvikudagsins 20. nóvember nk. kl. 9:35 í dómsal 3.

Vottur:  
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.  
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir  
Héraðsdómur Reykjaness 14.11. 2013.

Þann 14. nóvember var verjandi staddur á Ísafirði þar sem hann var viðstaddur aðalmeðferð. Þá um morguninn var útséð með að aðrir lögmennt á stofu gætu mætt með ákærða. Haft var samband við ákærða og klukkan 9:31 var dómi sendur tölvupóstur (fskj. 6) þar sem tilkynnt var um fjarveru. Um lögmæt forföll var að ræða. Dómari svaraði tölvupósti kl. 9:50. (fskj. 6)

Athugasemdir eru gerðar við gullitaðan texta. Þegar fyrirtöku er frestað utan réttar þá er það gert með símasamskiptum eða í gegnum tölvupóst. Slík samskipti áttu sér ekki stað við verjanda. Það sætir furðu að bókað sé að verjandi og ákærði mæti ekki til slíkra fyrirtöku þegar augljóst er að hún átti sér ekki stað.

**ENDURRIT  
ÚR  
ÞINGBÓK  
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, miðvikudaginn 20. nóvember, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. S-720/2013  
Ákærvaldið  
gegn  
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákærvalds sækir þing Vilhjálmur Reyр Þórhallsson fr. v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Ákærði er ekki mættur og hefur ekki boðað lögmæt forföll né verjandi hans.

Sækjandi upplýsir að lögregla hafi ekki haft upp á ákærða.

Sækjandi hyggst láta handtaka ákærða og færa hann fyrir dóminn þann 3. desember nk. kl. 10:40 í dómsal 2.

Vottur:  
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.  
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir  
Héraðsdómur Reykjaness 20.11.2013.

Dómari frestaði málinu til 20. nóvember en sendi verjanda enga tilkynningu um þá dagsetningu, né heldur afrit þingbókarinnar. Verjanda var því með öllu ókunnugt um þá dagsetningu.

Dómari sendi verjanda þingbókina kl. 9:47 þann 20. nóvember (fskj. 5) og þar kemur fram að næsta fyrirtaka í málinu sé þann 3. desember.

Verjanda fékk þann 20. nóvember fyrst upplýsingar um að bókun um aðfinnslur hefðu verið gerðar í þingbók vegna fjarveru hans úr þinghaldi þann 14. október.

Verjandi sendi dómara tölvupóst kl. 16:07 þar sem athugasemdir eru gerðar við bókun dómara. (fskj. 7). Ekki er séð að sú athugasemd sé tekin upp í þingbók.

**ENDURRIT  
ÚR  
ÞINGBÓK  
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, þriðjudaginn 3. desember, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. S-720/2013  
Ákærvaldið  
gegn  
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákærvalds sækir þing Stefanía G. Sæmundsdóttir settur saksóknari v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í dóminn er mættur ákærði X. Með ákærða mætir Stefán Karl Kristjánsson hdl. skipaður verjandi hans í málinu.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 114. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Þá er ákærða bent á að honum er heimilt að ráðfæra sig við verjanda sinn meðan á þinghaldinu stendur.

Ákærði viðurkennir að hafa haft umrædd efni, er greinir í ákæru, í vörslum sínum en neitar að þau hafi verið í sölu- og dreifingarskyni. Ákærði samþykkir upptökukröfu ákærvaldsins.

Málinu er frestað til aðalmeðferðar til þriðjudagsins 4. febrúar 2014 kl. 9:15 í dómsal 2.

Vottur:  
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.  
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir  
Héraðsdómur Reykjaness 3.12. 2013.

Verjandi mætir ásamt ákærða. Hér gerir verjandi mistök þegar hann bókar í dagbók 2013 um aðalmeðferð en gleymir síðan að færa þá bókun yfir í dagbók ársins 2014.

**ENDURRIT  
ÚR  
ÞINGBÓK  
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2014, þriðjudaginn 4. febrúar, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. S-720/2013  
Ákærvaldið  
gegn  
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákærvalds sækir þing Alda Hrönn Jóhannsdóttir, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í dóminn er mættur ákærði X. Verjandi ákærða Stefán Karl Kristjánsson hdl. er ekki mættur og hefur ekki boðað forföll né haft samband við sækjanda eða ákærða sjálfan að hans sögn. Ákærði kveðst ekki óska eftir að sér verði skipaður annar verjandi og óskar eftir að skipun Stefáns Karls Kristjánssonar verði felld niður.

Sækjandi kveðst falla frá þeirri háttsemi sem í ákæru greinir að efnin hafi verið í söluskyni.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 114. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Ákærði viðurkennir skýlaust að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru eftir að henni var breytt.

Með því að ákærði hefur játað brot sitt skýlaust og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játning hans sé sannleikanum samkvæmt er ákveðið að fara með málið að hætti 164. gr. laga nr. 88/2008.

Sækjandi og ákærði tjá sig í stuttu máli um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga og leggja málið að svo búnu í dóm.

Málið er tekið til dóms og verður boðað til dómsuppsögu með tölvupósti.

Vottur:  
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.  
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir  
Héraðsdómur Reykjaness 4.2. 2014.

Verjandi mætir ekki þar sem hann gerði mistök við innfærslu í dagbók. Verjandi var við störf á skrifstofu sinni að morgni 4. febrúar. Löng venja er fyrir því að kannað sé með fjarvistir verjanda sem og fulltrúa ákærvalds áður en gengið er frá málum með þeim hætti sem hér var gert. Símtal á skrifstofu hefði leyst úr málinu.

**ENDURRIT  
ÚR  
ÞINGBÓK  
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2014, þriðjudaginn 11. febrúar, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. S-720/2013  
Ákærvaldið  
gegn  
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

**DÓMUR**  
(Í heild í dómabók 2014)  
**DÓMSORÐ**

Ákærði, X, skal sæta fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði sæti upptöku á 45 stk. af kannabisplöntum og 3.589,55 g af kannabislaufblöðum auk haldlagðs búnaðar og áhalda til framleiðslu fíkniefna.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, samtals 164.762 krónur.

Stefán Karl Kristjánsson hdl. greiði 300.000 krónur í sekt til ríkissjóðs.

Ástríður Grímsdóttir

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði að dómþola og sækjanda viðstöddum.

Dómþola er kynnt þýðing skilorðs og afleiðingar skilorðsrofa.

Dómþola eru kynnt ítrekunaráhrif dómsins.

Dómþoli lýsir því yfir að hann uni dómi.

Dómþoli fær endurrit dómsins afhent.

Vottur:  
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.  
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir  
Héraðsdómur Reykjaness 11.2. 2014.

Verjandi var leystur undan skipun og því var hann ekki boðaður til dómsuppsögu.  
Engu að síður var lögmanni gerð sekt og þar sem hans getið í dómsorði þá má færa

rök fyrir því að rétt hefði verið að boða lögmann til dóms og gefa honum kost á að tjá sig um ávirðingar. Lögmaður fékk fyrst fréttir af dómsorði í gegnum fjölmiðla.

Rétt er að benda á að lögmaður kallaði eftir þingbók málsins þann 12. febrúar 2014 og er í þeirri þingbók getið þinghalds þann 11. október 2013 (fskj. 8). Þetta þinghald er hins vegar ekki tilgreint í þingbók málsins þann 20. nóvember 2013, hvað sem veldur.

Þá er aðfinnsluvert að í þingbókum er þess ekki getið hvenær þinghöld hefjast.

**Fylgiskjöl:**

- 1) Tölvupóstsamskipti milli dómara og verjanda dags. 26. sept. 2013 til 11. okt. 2013.
- 2) Boðun í þinghald og póstur frá saksóknara, dags. 11. okt. 2013.
- 3) Tölvupóstsamskipti milli dóms og ritara, dags. 30. okt. 2013.
- 4) Tölvupóstur frá dómara dags. 20. nóv. 2013 ásamt viðhengi.
- 5) Endurrit þingbókar, viðhengi frá dómara mótttekið 20. nóv. 2013.
- 6) Tölvupóstur milli ritara og dómara, dags. 14. nóv. 2013
- 7) Athugasemdir til dómara, dags. 20. nóv. 2013.
- 8) Endurrit þingbókar málsins.

Þess ber að gæta að lögmaður hefur þurrkað út nafn ákærða í endurriti þingbókar og strikað yfir persónuauðkenni í tölvupóstum.